

Stjórnarfundur UMSE í Búgarði mánudaginn 2. júní 2014 kl. 18:00. Fundur nr. 739

Mætt eru: Bjarnveig, Edda Kamilla, Einar, Guðrún, Sigrún, Þorgerður, Þorsteinn.
Forföll boðaði Sigurður Eiríksson

1. Bjarnveig setti fund kl: 18:03
2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt með áorðnum breytingum
3. Innsend bréf.
 - a. Bréf dagsett 6. maí. UMFÍ: Leiðtogaskóli NSU, 62° norður - 7° vestur sem fram fer í Færeyjum. Kynnt stjórnarmönnum og áframsent á aðildarfélög innan UMSE
 - b. Bréf dagsett 7. maí. UMFÍ: Landsmót UMFÍ 50+ áframsent til aðildarfélaga UMSE; þar sem athygli er vakin á því skráning að sé hafin á landsmótið. Farið var yfir hvaða keppnisgreinar eru í boði. Sjá nánar á heimsíðu UMFÍ.
 - c. Bréf dagsett 14. maí. BLÍ: Þingboð, 14. júní 2014 frá Blaksambandi Íslands. Haldið í íþróttamiðstöðinni Laugardal. UMSE á þrjá fulltrúa og mun Þorsteinn hafa samband við blakfélag Dalvíkur varðandi þátttöku á þinginu.
 - d. Bréf dagsett 14. maí. ÍSÍ: Bæklingar frá ÍSÍ um *Aðgerðaráætlun gegn einelti og annarri óæskilegri hegðun og kynferðislegt ofbeldi í íþróttum- forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum og unglingum í íþróttum*. Samþykkt að koma út bæklingum og plakötum sem víðast og vekja athygli á aðgerðar áætlun gegn einelti.
 - e. Bréf dagsett 26. maí. ÍSÍ: Sumarfjarnám í þjálfaramenntun, kynnt fyrir stjórn og áframsent til aðildarfélaga.
 - f. Bréf dagsett 30. maí. BLÍ: Dagskrá 42. ársþings BLÍ ásamt framkomnum tillögum. Lagt fram til kynningar

4. Ferðastyrkir.

Stjórn UMSE hefur sett sér vinnureglur vegna úthlutunar ferðastyrkja, í samræmi við það sem rætt var á síðasta formannafundi. Ákveðið hefur verið að úthluta slíkum styrkjum tvisvar á ári. Umsóknum skal skilað á þar til gerðu umsóknareyðublaði. Nokkrar umsóknir höfðu legið inni hjá stjórn óafgreiddar þar sem ekki höfðu verið samdar vinnureglur um styrkina. Þegar það hafði verið gert var þeim umsækjendum sem áður höfðu sótt um gefinn kostur á að laga umsóknir sínar og fylla út nýja umsóknareyðublaðið áður en umsóknarfrestur var liðinn. Flestir nýttu sér það, þeim iðkendum sem ekki náðu að skila inn umsókn áður en umsóknarfrestur rann út er bent

á að sækja um aftur í haust, nálgast má allar upplýsingar varðandi styrki á heimasíðu UMSE. Að þessu sinni lágu fyrir þrjár umsóknir.

- a. Umsókn frá Sundfélaginu Rán á Dalvík vegna þátttöku í AMÍ. Samþykkt að veita 45 þúsund króna ferðastyrkur, umsækjendur eru; Agnes Fjóla Flosadóttir, Amelía Nanna Júlíusdóttir og Hjörleifur Helgi Sveinbjörnsson.
- b. Skíðafélag Dalvíkur vegna Bikarmóts í Bláfjöllum. Samþykkt að veita 45 þús. kr. ferðastyrk, umsækjendur eru; Andrea Björk Birkisdóttir, Karl Vernharð Þorleifsson og Jökull Þorri Helgason.
- c. Umf. Samherjar. Ferðastyrkur vegna keppnisferðar á heimsleika unglunga í Gautaborg. Samþykkt að veita 40 þúsund króna ferðastyrk, umsækjendur eru; Sveinborg Kata Daníelsdóttir og Guðmundur Smári Daníelsson.

5. Úthlutun landsmótssjóðs. Edda Kamilla fulltrúi stjórnar í sjóðstjórn landsmótssjóðs kynnti fyrir fundarmönnum úthlutun styrkja til deilda og aðilarfélaga.

- a. Frjálsíþróttadeild UMFS, 20.000 kr. vegna endurnýjunar á búnaði fyrir kastíþróttir innan frjálsíþróttadeildar UMFS.
- b. Barna- og unglingaráð knattspyrnudeildar UMFS, 50.000 kr. vegna tülkaþjónustu fyrir nýbúa.
- c. Barna- og unglingaráð knattspyrnudeildar UMFS, 40.000 kr. til eflingar og aukinnar samvinnu við KF.
- d. Barna- og unglingaráð knattspyrnudeildar UMFS, 25.000 kr. vegna átaks í kvennabolta.
- e. Barna- og unglingaráð knattspyrnudeildar UMFS, 50.000 kr. vegna markmannspjálfunnar.
- f. Sundfélagið Rán, 20.000 kr. vegna dómara námskeiðs.
- g. Skíðafélag Dalvíkur, 100.000 kr. vegna gestaþjálfara.
- h. Sundfélagið Rán, Akranesleikar – Hafnað.
- i. Sundfélagið Rán, AMÍ – Hafnað.
- j. Úthlutað var fyrir alls 305.000 kr.

6. Flestar nefndir hafa verið mannaðar og hafa tekið til starfa.

Badmintonnefnd

- a. Inga Arnhildur Ásgeirsdóttir, UMF, Samherjar.
- b. Þorgerður Hauksdóttir, Umf. Samherjar.
- c. Ingólfur Ómar Valdemarsson, Umf. Smárinn.
Samþykkt.

Borðtennisnefnd

- a. Sigurður Eiríksson, Umf. Samherjar.
- b. Starri Heiðmarsson, Umf. Æskan.
Samþykkt.

Frjálsíþróttanefnd

- c. Þorgerður Guðmundsdóttir, Umf Samherjar
- d. Jóhanna Dögg Stefánsdóttir, Umf. Samherjar.
- e. Ingunn Aradóttir, Umf. Smárinn.

- f. Pálmey Sigtryggsdóttir, Umf. Reynir.
- g. Starri Heiðmarsson Umf. Æskan.
- h. Guðrún Sigurðardóttir UMF. Svarfdæla.
Samþykkt.

Knattspyrnunefnd

- i. Gunnur Stefánsdóttir og Sigurður Friðleifsson , Umf. Samherjar.
- j. Jóhannes Gísli Pálmason, Umf. Smárinn.
- k. Elvar Óli Marinósson, Umf . Reynir
Samþykkt.

Sundnefnd

- l. Hólmfríður Gísladóttir, Sundfélagið Rán.
Afgreiðslu frestað.

Unglingalandsmótsnefnd

- m. Brynhildur Bjarnadóttir, Umf. Samherjar.
- n. Bjarnveig Ingvadóttir, Formaður UMSE
- o. Þorsteinn Marinósson, Framkvæmdastjóri UMSE.
- p. Davíð Jónsson, Umf. Smárinn.
- q. Ólafur Ingi Steinarsson, Umf. Svarfdæla.
Samþykkt.

- 7. Hin árlega blómasala UMSE fer fram kringum Hvítasunnuhelgina. Verð frá brgja er 1.175 kr. sem er hækkun upp á 125.- kr. frá í fyrra. Verðið frá UMSE er 1.400 kr. og hækkar um 100 kr. milli ára. Tekjur af sölu á átlaðar 90.000 kr. Leiðbeinandi verð í sölu er 2.000 - 2.500 kr. Samtals tekjur aðildarfélag vegna sölu eru átlaðar 240.000 - til 440.000 kr.
- 8. Vorfundur UMFÍ fór fram í Grindavík 10 maí 2014 þar sem niðurstöður úr stefnumótunavinnu Landsmóta voru til umfjöllunar. Farið var yfir Tækifæri í Evrópuverkefnum. Move Week verkefnið var kynnt ásamt öflugum íþróttum og tómstundastarfi í Grindavík. Einnig var fyrirlestur um hvatningu, viðhorf og mannleg samskipti. Þorsteinn sat fundinn fyrir hönd UMSE, mun hann senda stjórnarmönnum samantekt frá fundinum fljótlega.
- 9. Þorsteinn sagði frá því að skilum í Felix er lokið. Aðildarfélaginn, voru óvenju sein að skila skráningu í Felix þetta árið. Síðustu félagin luku skilum á síðasta degi fyrir virkjun keppnisbanns. Mikilvægt er að hvetja félagin til að standa sig betur í skilum hvað Felix varðar. Farið verður yfir skýrslur aðildarfélagar fljótlega. Reiknað er með að greiðslum á lottófjármunum til aðildarfélagar ljúki innan viku.
- 10. Samþykkt að skrifstofa UMSE verði opin mánudaga frá kl. 11:00-15:00 og fimmtudaga frá kl. 11:00-15:00. Einnig verður skrifstofan opin á föstudögum ef þarf að afgreiða rútur vegna ferðalaga iðkenda og fl.
- 11. Önnur mál. Þorsteinn sagði frá því að styrktarsamningur Bústólpa við UMSE er runnin út. Þorsteinn hefur nú þegar rætt við Hólmgeir Karlsson framkvæmdarstjóra Bústólpa um að endurnýja samninginn.
- 12. Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 14. júlí kl 17:30 Guðrún kemur með veitingar

13. Bjarnveig sleit fundi kl 20:00.

Sigrún Finnsdóttir, fundarritari

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE
